

STJÓRNARTÍÐINDI C 1 — 1962

21. marz.

1

Nr. 1.

AUGLÝSING

um staðfestingu á samningum um gjaldeyrissjóð Evrópu (E.M.A.).

Hinn 5. ágúst 1955 var í París undirritaður af Íslands hálfu samningur um gjaldeyrissjóð Evrópu (European Monetary Agreement). Einnig hafa verið af Íslands hálfu undirritaðir viðbótarsamningar nr. 2, 3 og 4, dags. 27. júní 1958, 15. janúar 1960, og 12. desember 1961.

Staðfestingarskjal Íslands að ofangreindum samningum var afhent forstjóra Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (O.E.C.D.) hinn 2. marz 1962.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 21. marz 1962.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

25. maí.

Nr. 2.

AUGLÝSING

um framlengingu viðskipta- og greiðslusamnings Íslands og Ungverjalands.

Hinn 16. maí 1962 var viðskipta- og greiðslusamningur Íslands og Ungverjalands frá 6. marz 1953 (Stj.tíð. A 53/1953) framlengdur óbreyttur til ársloka 1962. Samningurinn var framlengdur með erindaskiptum milli sendiráða Íslands og Ungverjalands í Moskva.

Utanríkisráðuneytið, 25. maí 1962.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.